



## Fundargerð

247. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 10. desember 2020 kl. 17:00. Fundurinn er Teams fjarfundur.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Konráðsdóttir varaformaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

### 1. Gjaldskrá Reykjaneshafnar 2021. (2020120142)

Hafnarstjóri fór yfir fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2021. Breytingar frá núverandi gjaldskrá byggjast á þróun á einstökum vísitölum og kostnaðarhækkunum. *Lagt er til að fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2021 verði samþykkt og taki hún gildi 01.01.2021. Samþykkt samhljóða.*

### 2. Starfsáætlun Reykjaneshafnar 2021. (2020120141)

Hafnarstjóri kynnti drög að starfsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2021. *Lagt er til að fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun Reykjaneshafnar vegna ársins 2021 verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

### 3. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar 2021. (2020080143)

Hafnarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2021 ásamt áætlun til næstu ára þar á eftir. Einnig fór hann yfir þær fjárfestingar sem fara þarf í á komandi árum. *Lagt er til að fjárhagsáætlun ársins 2021 ásamt áætlun vegna árána 2022-2024 verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

### 4. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2020. (2020120143)

Ráðningarbréf við Grant Thornton endurskoðun ehf. vegna endurskoðunar á reikningum Reykjaneshafnar rekstrarárið 2020. *Lagt er til að ráðningarbréfið verði samþykkt og hafnarstjóra falið að undirrita það. Samþykkt samhljóða.*

### 5. Fiskistofa. (2020120144)

Bréf Fiskistofu dags. 20.11.20 þar sem tilkynnt er um hlut Reykjaneshafnar í sérstöku strandveiðigjaldi til hafna sem innheimt var standveiðitímabilið 01.05.20 til 31.08.20. Eftirfarandi var lagt fram. *Stjórn Reykjaneshafnar fagnar viðkomandi tekjustofni sem í mörgum tilfellum styður við rekstur hafnarsjóða sem það hljóta þó hlutur Reykjaneshafnar sé ekki stór. Samþykkt samhljóða.*

### 6. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2020010519)

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.